

## Tillaga til þingsályktunar

### um aukin atvinnuréttindi útlendinga.

Flm.: Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, Ari Trausti Guðmundsson,  
Kolbeinn Óttarsson Proppé, Lilja Rafney Magnúsdóttir,  
Ólafur Þór Gunnarsson, Steinunn Þóra Árnadóttir.

Alþingi ályktar að fela félags- og barnamálaráðherra að skipa starfshóp sem geri tillögur um það hvernig auka megi atvinnuréttindi ríkisborgara ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins, EFTA og Færeyja.

Í starfshópnum eigi sæti fulltrúar Alþýðusambands Íslands, BSRB, BHM, Samtaka atvinnulífsins, Samtaka íslenskra sveitarfélaga, forsætisráðuneytis, fjármála- og efnahagsráðuneytis, dómsmálaráðuneytis og félagsmálaráðuneytis. Ráðherra skipi formann starfshópsins. Starfshópurinn skili tillögum sínum til ráðherra eigi síðar en 1. júní 2021. Ráðherra kynni Alþingi tillögur hópsins á haustþingi 2021.

#### Greinargerð.

Lög um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002, gilda um heimild útlendinga til atvinnu hér á landi. Samkvæmt lögnum er meginreglan sú að útlendingar þurfa atvinnu- og dvalarleyfi til að starfa á innlendum vinnumarkaði en þó er gert ráð fyrir ákveðnum undanþágum frá þeirri reglu, annars vegar er um að ræða langtímaundanþágur frá atvinnuleyfi og hins vegar undanþágur frá atvinnuleyfi vegna skammtímaatvinnu.

Möguleikum ríkisborgara ríkja fyrir utan Evrópska efnahagssvæðið, EFTA eða Færeyja, til að fá atvinnu- og dvalarleyfi á Íslandi er nokkuð þröngur stakkur skorinn í lögum um atvinnuréttindi útlendinga. Vísendingar eru um að fólk sem leitar hingað til lands í þeim tilgangi sjái sig því knúið til að fara aðrar leiðir inn á íslenskan vinnumarkað, svo sem með umsókn um alþjóðlega vernd. Nauðsynlegt er að boðið sé upp á ólíkar leiðir fyrir fólk í ólíkum aðstæðum til að setjast að hér á landi, hvort sem það er til skemmri eða lengri tíma. Telja verður að það verði ekki eingöngu þeim til bóta sem óska þess fyrst og fremst að koma hingað til að starfa heldur mun sú þekking og reynsla sem það fólk býr yfir auðga menningu okkar, efnahag og samfélag. Í ljósi þessara sjónarmiða telja flutningsmenn mikilvægt að hafin verði vinna við að kanna breytingar á atvinnuréttindum útlendinga til frambúðar.

Fólksflutningar hafa aukist mjög síðustu ár vegna ástandsins í heiminum. Styrjaldir, borgarastríð, skert mannréttindi og loftslagsvá eru meðal þeirra þátta sem valda því að fólk leitar sér betra lífs annars staðar í heiminum. Nauðsynlegt er að ferlar séu skýrir og að fólk sem leitar hingað og vill setjast hér að hafi aðgang að réttum upplýsingum miðað við stöðu sína. Ekki falla allir sem hingað leita undir skilgreiningu um flóttafólk og það er mikilvægt að það fólk geti leitað annarra leiða en að sækja um alþjóðlega vernd vilji það búa hér og starfa.

Með tillögu þessari er félags- og barnamálaráðherra falið að skipa starfshóp sem á að móta tillögur um hvernig auka megi atvinnuréttindi ríkisborgara ríkja utan EES, EFTA og Færeyja og auka þannig möguleika þeirra til að setjast hér að. Starfshópurinn skal kanna hvaða laga-breytinga sé þörf á lögum um atvinnuréttindi útlendinga og hvort þörf sé á frekari lagabreyt-

ingum, til að mynda á lögum um útlendinga, nr. 80/2016, til að ná framangreindu markmiði og hvort aðrar leiðir séu færar. Við vinnu hópsins skal líta til löggjafar annarra ríkja og reynslu þeirra í þessu sambandi og auk þess gæta að samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar. Ólíkar leiðir að markmiðinu skulu metnar með tilliti til mögulegra áhrifa á vinnumarkað, samfélag og efnahag. Í þessu efni er mikilvægt að staðinn verði vörður um hið íslenska vinnumarkaðslíkan og að þau réttindi sem hafa áunnist á íslenskum vinnumarkaði í kjarasamningum og löggjöf verði tryggð þeim sem hingað koma til að starfa.

Nauðsynlegt er að samráð eigi sér stað við ólíkar starfsgreinar svo hægt sé að koma til móts við mismunandi aðstæður meðal þeirra. Í þeim starfsgreinum þar sem gerðar eru tilteknar kröfur til menntunar eða hæfni skal þá horft til þess að þeir sem hljóta atvinnuleyfi uppfylli sambærileg skilyrði í þeim efnum og gerð eru hér á landi, t.d. varðandi lengd eða inntak menntunar. Í því samhengi mætti m.a. skoða hvort bjóða mætti upp á viðbótarnám svo að umsækjendur geti uppfyllt þau skilyrði. Mætti horfa til reynslunnar í Svíþjóð þar sem boðið hefur verið upp á stutt nám til að gera umsækjendum kleift að uppfylla skilyrði þar í landi.

Þá er mikilvægt að skoða hvort gera megi breytingar á því fyrirkomulagi að tímabundið atvinnuleyfi starfsmanns sé bundið við tiltekinn atvinnurekanda, enda leiðir það oft og tíðum til aukins aðstöðumunar milli atvinnurekanda annars vegar og starfsmanns hins vegar. Þar verður að telja aðkomu stéttarfélaga þýðingarmikla til að tryggja réttindi þess starfsfólks. Að auki er vert að taka til skoðunar rétt slíks starfsfólks í opinbera kerfinu, svo sem til atvinnuleysisbóta. Rétt væri einnig að kanna umhverfi vistráðninga og hvort gera þurfi breytingar á því kerfi til að hindra misnotkun þess. Hópurinn skal skila tillögum til ráðherra eigi síðar en 1. júní 2021.